

- 141** 2. Til næturhitunar með þilofnum og túbum á 12 aura hver kwst.
2. ágúst Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
 - Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 2. ágúst 1957.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

142
8. ágúst

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Patreksfirði.

1. gr.

Sölubúðum á Patreksfirði skal loka eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar. Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendur varningur er hafður á boðstólum og hans ekki neytt á staðnum.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8.30 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og á gamlársgang skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en klukkan 1 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölustöðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 10 síðdegis einn virkan dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól.

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðar en klukkan 12 á hádegi, á tímabilinu 1. október til 31. desember kl. 4, frá 1. janúar til 30. apríl skal á laugardögum lokað eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir eða sölustaðir vera opnir.

Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum og sölustöðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða og sölustaða í samþykkt þessari skal sú undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum einöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri sem hér segir:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst-¹⁴² mánuði frá kl. 9 árdegis til klukkan 12 á hádegi. Þó skal loka páskadag, jóladag og nýársdag svo sem öðrum húðum. 8. ágúst

Aðfangadag jóla og gamlársgdag til klukkan 4 síðdegis.

Fyrsta sunnudag í sjövíknaföstu frá kl. 9 árdegis til kl. 4 síðdegis.

Laugadaga til kl. 4 síðdegis.

Veitingastaðir er hafa fengið tilskilið veitingaleyfi mega vera opnir til kl. 11.30 síðdegis, enda sé söluvörum þeirra neytt á veitingastað. Þó skal þeim vera lokað páskadag, jóladag og nýársdag svo sem öðrum sölustöðum.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal loka kl. 4 síðdegis.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða skal óheimilt að selja á strætum úti og torgum eða annars staðar utan sölubúða og sölustaða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

6. gr.

Menn sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lokunartíma.

7. gr.

Lyfjasala er undanþegin reglugerð þessari.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða félagasamtök, er vinna að líknar- eða mannúðar- málum.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Patrekshrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—50 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.